

LANDPÓSTURINN

Fréttabréf Félags landfræðinga, apríl 2000, 12. árg. 2. tbl.
Pósthólf 5391, 125 Reykjavík. ábm.: Karl Benediktsson

Frá aðalfundi 2000

Aðalfundur Félags landfræðinga var haldinn þann 29. mars í Odda, húsi félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Var fundurinn rækilega auglýstur í síðasta Landpósti svo og í tölvupósti til félagsmanna. Skilaði sú herferð ágætum árangri og mættu 19 félagsmenn á fundinn. Bauð stjórn félagsins upp á kaffi, kökur og sælgæti sem fundargestir þáðu með þökkum.

Formaður setti fundinn og tilnefndi Matthildi Kr. Elmarsdóttur fundarstjóra og Sunnu Ósk Logadóttur fundarritara. Dagskrá fundarins hófst á skýrslu formanns, Karls Benediktssonar, sem birt er hér á eftir. Voru þar raktir helstu viðburðir síðasta starfsárs félagsins. Sigurgeir Skúlason gjaldkeri í stjórn félagsins steig næst í pontu og gerði grein fyrir ársreikningi félagsins og kom þar fram að félagið ætti kr. 462.265 í sjóði um þessar mundir.

Því næst var kosið til nýrrar stjórnar. Karl Benediktsson var endurkjörinn í stöðu formanns. Einnig mun Helga Barðadóttir sitja í stjórninni næsta starfsár, í samræmi við lög félagsins. Þá voru Albert Sigurðsson og Albert Þorbergsson kosnir í stjórnina til tveggja ára í stað Matthildar Kr. Elmarsdóttur og Sigurgeirs Skúlasonar. Jófríður Guðmundsdóttir var kosin til eins árs í stað Sunnu Óskar Logadóttur, sem hverfa þarf af vettvangi á miðju kjörtímabili sínu vegna flutninga. Endurskoðendur félagsins, þeir Árni Vésteinsson og Tryggvi Jakobsson, voru endurkjörnir.

Á fundinum kynnti Matthildur Kr. Elmarsdóttir drög að kynningarbæklingi félagsins sem sérstök kynningarnefnd hefur unnið að undanfarna mánuði, auk stjórnar. Var þar sérstaklega bent á notkun orðsins „náttúrufræði“ í stað „eðlisrænnar landfræði“ sem hingað til hefur tíðkast. Lýstu fundargestir yfir ánægju með þessa breytingu.

Þá sýndi Karl tillögu að merki félagsins sem Halla Helgadóttir hefur hannað. Merkið er fagurlega útfærð áttavitarós með nafni félagsins fyrir neðan. Var almennt ánægja með tillögunu á fundinum.

Að lokum hélt formaðurinn tölu um framtíðarsýn félagsins og kom þar fram einlæg ósk hans um að hinn almenni félagsmaður yrði sýnilegri í starfinu og benti á ýmsar leiðir í því sambandi. Ýmsar tillögur að verkefnum, fræðslufundum og öðrum uppákomum sem tengt gætu félaginu komu fram.

Sunna Ósk Logadóttir

Skýrsla formanns fyrir starfsárið 1999-2000

Það er vor í lofti. Lóan er víst komin – og fjórtánda starfsári Félags landfræðinga er að ljúka. Hér fer á eftir skýrsla um helstu viðburði þess.

Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn miðvikudaginn 10. mars 1999 í Odda, Háskóla Íslands. Þar mættu 13 manns. Á fundinum gekk úr stjórn Guðrún Ólafsdóttir. Í hennar stað var kjörin Sunna Ósk Logadóttir. Áfram sátu í stjórn Helga Barðadóttir, Sigurgeir Skúlason og Matthildur Kr. Elmarsdóttir. Karl Benediktsson var endurkjörinn í embætti formanns. Endurskoðendur reikninga félagsins, Árni Þór Vésteinsson og Tryggvi Jakobsson, voru einnig endurkjörnir. Engar tillögur bárust um breytingar á lögum. Eigi var að heldur ráðist í að breyta árgjaldi, sem verið hefur 2000 kr. um nokkurra ára skeið.

Stjórnin skipti sem hér segir með sér verkum á fyrsta fundi sínum: Karl fornaður, Matthildur varaformaður, Helga ritari, Sigurgeir gjaldkeri og Sunna meðstjórnandi og fulltrúi stjórnar í ritnefnd.

Fornlegir stjórnarfundir á starfsárinu voru fjórir. Þetta segir sína sögu um þverrandi þrek núverandi stjórnar og formanns. En auk þess voru haldnir allmargir óformlegir vinnufundir og mál voru rædd í gríð og erg í tölvupósti. Eins og undanfarin ár voru það fræðsluerindin sem mestan tíma tók að skipuleggja, en úgáfa Landpósts, kynningarbæklingur, merki, ráðstefnuhald og ýmis önnur mál voru einnig meðal þess sem stjórnin tók fyrir á fundum sínum.

Félagar og heimtur félagsgjalda:

Félagsmönnum fjölgar hægt og bitandi. Á starfsárinu var 16 nýútskrifuðum landfræðingum frá Háskóla Íslands boðin aðild. Einn sagði sig formlega úr félaginu. Átta félagar eru erlendis við framhaldsnám eða störf. Nú eru á félagaskránni 176 manns, en geta þeir þess að stjórnin hefur ekki haft brjóst í sér til að fjarlægja af skránni fólk sem ekki hefur sýnt landfræðilegt lífsmark, jafnvel til nokkurra ára, með því að greiða félagsgjöldin. Á móti er vitað um nokkra landfræðinga sem ekki hafa ratað inn á skrána. Þeir sem borguðu sinn klassíska tvöþúsundkall til félagsins voru samtals 94 á síðasta starfsári. Að mati stjórnar eru þetta þökkalegar heimtur, sé tekið tillit til þess að Landabréf fylgdi ekki giróseðlum eins og árið á undan, og útsendingu giróseðla var ekki fylgt eftir með áminningum, hvað þá handrúkkunum af neinu tagi.

Útgáfumál:

Fréttabréfið *Landpósturinn* kom út þrisvar sinnum á starfsárinu og sáu Sunna Ósk Logadóttir og Matthildur Kr. Elmarsdóttir um útgáfu þess. Tölvupóstlistinn landpostur@os.is hefur að talsverðu leyti tekið við hlutverki pappírs-Póstsins. Á hann er skráð 101 netfang.

Ætlunin var að koma *Landabréfi* út á árinu, en treglega gekk að fá félagsmenn til að skrifa greinar í það ágæta tímarit, þrátt fyrir talsverðan eftirtekstur Guðrúnar Ólafsdóttur, ritstjóra. Formaður er sömu skoðunar og hann viðaði á aðalfundi fyrir ári, að *Landabréfið ætti* að geta verið mikilvægt tæki landfræðinga til fræðilegrar og faglegar umræðu, en talsvert langt virðist í land með það.

Fræðslufundir:

Eins og í nokkur ár á undan var haldið úti röð fræðsluerinda á vettvangi félagsins, en að þessu sinni einungis fyrri hluta starfsársins. Urðu þeir fimm talsins á útmabilinu og voru allir haldnir í stofu 201 í Odda. Auk kynningar í Landpósti og á póstlistanum voru þeir auglýstir í dagblöðum.

- Að síðasta aðalfundi loknum, 10. mars 1999, greindu tveir nýlega útskrifaðir landfræðingar, þær Kristín Ágústsdóttir og Sunna Ósk Logadóttir frá BS-verkefnum sínum, sem bæði fjölluðu um ferðalög um hálendi Íslands, á hestum annars vegar og jeppum hins vegar. Þar mættu 16 manns.
- Sigurjón Baldur Hafsteinsson, mannfraeðingur og forstöðumaður Ljósmyndasafns Reykjavíkur, flutti 28. apríl 1999 erindi er nefndist „Landslagsljósmyndin sem vegvisir þjóðar.“ Á erindið hlýddu 25 manns.
- Landfræðinemarnir Björn Traustason, Stefánía Halldórsdóttir, Marta Birgisdóttir og Hilmar E. Sveinbjörnsson stigu í pontu þann 29. september 1999 og greindu í máli og myndum frá námsferð til Kúbu sem farin var í maí-júní sama ár. Á fundinn mættu 25 manns.
- Jón Björn Skúlason, landfræðingur og framkvæmdastjóri fyrirtækisins Íslensk NýOrka hf., fjallaði þann 20. október 1999 um „Ísland – Vetrissamfélag framúðarinnar.“ Þar skýrði hann frá hugmyndum um stórfellda framleiðslu og nýtingu vetrnis hér á landi, sem mjög eru nú uppi á borðinu. Fundinn sóttu 20 manns.
- Harpa Grímsdóttir, landfræðingur á Veðurstofu Íslands, flutti þann 17. nóvember 1999 erindi sem

nefndist „Snjóflóðahætta: Viðhorf samfélagsins og viðbrögð“. Þar sagði hún frá BS-ritgerð sinni, sem fjallaði um aðstæður á Neskaupstað. Fundargestir voru 25.

Ráðstefna:

Á starfsárinu var ekki haldin ráðstefna, en undirbúningur hefur staðið yfir á undanförunum vikum fyrir ráðstefnu um „Íslenska mannvistarlandfræði við árhúsundamót“, sem haldin verður 8. apríl næstkomandi. Stjórnin fékk til liðs við sig þær Guðríði Þorvarðardóttur og Ástu Urbancic til að vinna að undirbúningnum.

Ósk hefur borist frá Íslenska kortagerðarfélaginu að halda með hausti sameiginlega ráðstefnu félöganna tveggja ásamt LÍSU-samtökunum, í framhaldi velheppnaðrar ráðstefnu sömu aðila haustið 1998 um stöðu grunnkortagerðar í landinu.

Íðordastarf:

Félagið gerði í febrúar sl. samning við Íslenska málstöð um net-útgáfu hins mikla íðordasafns sem Guðrún Ólafsdóttir og Ólafur H. Óskarsson hafa unnið að um nokkurra ára skeið ásamt Svavari Guðfinnssyni. Samningurinn felur í sér birtingu safnsins í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar, þar sem fyrir eru fjölmörg íðordasöfn. Var talið að mikilvægast væri að koma safninu í umferð og þar með vonandi endurskoðun þeirra sem það kynnu að nota, fremur en að freista þess að endurskoða allar þýðingar og skýringar áður en efnið yrði birt. Færslu safnsins í orðabankann er ekki að fullu lokið þegar þetta er ritað.

Kynningarbæklingur:

Ákveðið var að gera lítinn bækling sem kynnti félagið, landfræðina og viðfangsefni landfræðinga á Íslandi, en flestir félagsmanna kannast sennilega við það að þurfa að útskýra fag sitt fyrir forvitnum. Sett var á laggirnar sérstök kynningarnefnd í þessu skyni, en í henni tóku sæti Ragnhildur Freysteinsdóttir, Pétur Ingi Haraldsson, Sunna Ósk Logadóttir og Matthildur Kr. Elmarsdóttir. Skilaði nefndin hugmyndum að texta, sem sendur var til félagsmanna til umsagnar og ábendinga.

Átak vegna landfræðilegra upplýsingakerfa við Háskóla Íslands

Félagið tók á árinu þátt í átaki Jarð- og landfræðiskorar Háskóla Íslands til að bæta aðstöðu til kennslu og rannsóknar á sviði landfræðilegra upplýsingakerfa. Formaður ritaði bréf til allmargra stofnana og fyrirtækja til að leita eftir stuðningi við kaup á tölvum og öðrum búnaði til skorunarinnar. Á endanum fékkstu stuðningur frá nokkrum aðilum og er nú loks með nokkrum rétti hægt að segja að aðstæðan sé viðunandi. Félagið er hið LUKkulegasta með árangurinn, þótt ekki geti það eignað sér hann nema að afar litlu leyti.

Önnur mál:

- Landfræðingar lögðu á Djúpið í Hafnarstræti þann 9. desember 1999, líkt og árið áður. Þar skemmtu sér um það bil 15 manns yfir margvíslegum pöstum, drukk og mali hver við annan um landsins gagn og nauðsynjar.
- Eftir dræmar undirtektir við samkeppni um merki félagsins var ákveðið að leita til auglýsingastofu. Þessa dagana er verið að ganga frá tillögu um merki.
- Að venju var félaginu boðið að senda fulltrúa á aðalfund Landverndar. Sigurgeir Skúlason sótti fundinn, sem haldinn var á Seljarnarnesi 30. október 1999.
- Félaginu var boðið að tilnefna fulltrúa á Náttúruverndarþing, sem haldið var dagana 28. og 29. janúar 2000 í Reykjavík. Anna Dóra Sæþórsdóttir sat þingið fyrir hönd félagsins.
- Sigurgeir Skúlason sótti tvo fundi um útgáfu Náttúrufræðingatala. Undanfarið ár hefur málið litið þannig út að ivísýnt væri um útgáfu, en á árinu fannst útgáfufyrirtæki með áhuga á málinu. Félag landfræðinga tók þá stefnu að samþykkja að gengið yrði til samninga við forlagið, enda þýddi það ekki fjárútlát fyrir félagið.

Er þá flest upp talið sem formaður getur talið sjálfum sér og öðrum stjórnarmönnum til tekna og gjalda. Að mati undirritaðs hefur starf félagsins verið óþarflaga fyrirferðarlífið á árinu og tekur hann fulla ábyrgð á þeirri þróun. Hann finnur á eigin sinni hvernig smátt og smátt hefur dregið úr atorku hans til að starfa fyrir félagið. Það vantar vítamín, eða nýtt blóð, nema hvort tveggja sé.

Að endingu þakkar formaður þeim sem setið hafa í stjórn eða gegnt öðrum embættum á vegum félagsins fyrir vel unnin störf, svo og þeim sem flutt hafa erindi eða tekið á annan hátt þátt í starfinu á liðnu starfsári.

Reykjavík, 29. mars 2000
Karl Benediktsson

Ráðstefna – góður gestur!

Nokkrar breytingar hafa orðið á áður auglýstri dagskrá ráðstefnu um „Íslenska mannvistarlandfræði við árhúsundamót“, sem félagið heldur til heiðurs Guðrúnu Ólafsdóttur laugardaginn 8. apríl. Hæst ber að tekist hefur að fá góðan gest erlendis frá til að halda inngangsfyrirlestur ráðstefnunnar. Þetta er Janet Momsen, landfræði-prófessor frá Kaliforníuháskóla í Davis. Hún er mörgum mannvistarlandfræðingum kunn af skrifum sínum, einkum um aðstæður í þróunarlöndum og ólíka stöðu karla og kvenna í því samhengi. Erindi hennar á ráðstefnunni mun nefnast Gender, Genealogy and Geography. Þeir lesenda Landpósts sem enn hafa ekki skráð sig á ráðstefnuna eru hvattir til að gera það hið snarasta (hjá Matthildi í síma 595 4100, eða í tölvupósti á matta@skipulag.is), þótt auglýstur skráningartími sé útrunninn. Einnig að láta Ástu Urbancic (sími 560 9800 eða asta.urbancic@hagstofa.is) vita ef þið viljið slást í hóp landfræðinga sem hyggjast snæða á veitingahúsinu Ítalú um kvöldið.

Hin endurskoðaða dagskrá er á þessa leið:

9.30-10.00	Skráning	
10.00-10.05	Setning	<i>Formaður Félags landfræðinga</i>
10.05-11.05	Gender, Genealogy and Geography	<i>Janet Momsen</i>
<i>11.05-11.20 KAFFIHLÉ</i>		
11.20-11.40	Viðhorf Íslendinga á fyrri öldum til hafss.	<i>Ingibjörg Jónsdóttir</i>
11.40-12.00	Á mörkum hins byggilega heims? Byggðin á Vikum við Borgarfjörð eystri.	<i>Áskell Heiðar Ásgeirsson</i>
12.00-12.20	Hornstrandir fyrr og nú.	<i>Dagný Sveinbjörnsdóttir</i>
12.20-12.40	Ferðamennska á hálendi Íslands.	<i>Anna Dóra Sæþórsdóttir</i>
<i>12.40-13.40 MATARHLÉ</i>		
13.40-14.00	Ósnortin víðerni: Menningarlegur tilbúningur?	<i>Karl Benediktsson</i>
14.00-14.20	Mikilvægi tímalandfræði við rannsóknir á sviði landfræði, heilsufars og sjúkdóma	<i>Sigríður Haraldsdóttir</i>
14.20-14.40	Átök um stöðu og stað á umbrotalínum í Zimbabwe – lífsbaráttan frá kynja og kynslóðasjónarhorni.	<i>Magnfríður Júlíusdóttir</i>
<i>14.40-14.55 KAFFIHLÉ</i>		
14.55-15.15	Að koma skipulagi á landfræðina.	<i>Ásdís Hlökk Theodórsdóttir</i>
15.15-15.35	Höfuðborgin okkar.	<i>Bjarni Reynarsson</i>
15.35-15.55	„Búum til betri byggð“: Að víkka út unnræðuna um byggðamál	<i>Ingunn Bjarnadóttir</i>
15.55-16.10	Samantekt	<i>Magnús Guðmundsson</i>
16.10-16.25	Guðrún M. Ólafsdóttir ávarpar ráðstefnuna	
16.25	RÁÐSTEFNUSLIT	
16.30--	MÓTTAKA Í BODI FÉLAGS LANDFRÆÐINGA	

Ráðstefnustjórar: Guðrún Gísladóttir og Ásta Urbancic

Ráðstefnugjald kr. 2000 (kaffi og létur hádegisverður innifalinn).